

Nr. 170 / 13 Stóri Örn***Farþegi slasast í baki***

Skipaskr.nr. 7719
Smíðaður: Pólland 2012, plast
Stærð: 14,34 BT
Mesta lengd: 11,81 m Skráð lengd: 11,35 m
Breidd: 3,59 m Dýpt: 1,37 m
Vél: Volvo Penta 2* 275 kW, 2012
Fjöldi skipverja: 2
Farþegar: 12

Gögn:
Gögn RNS



Stóri Örn©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júlí 2013 var farþegabáturinn Stóri Örn (*RIB bátur*) á siglingu með farþega norður af Heimaey. Veður: 8-10 m/sek Landeyjahöfn. Ölduhæð: um 2,9 m á Bakkafjörudufllum.

Farið var úr höfn síðdegis til útsýnissiglinga og þegar siglt hafði verið í hart nær hálfa klukkustund í verulegum öldugangi var komið norður af Eiðinu. Þá kom alda sem var meiri en aðrar sem báturinn hafði fengist við svo farþegi í fremstu sætaröð skall niður í setuna. Hann fékk mikið högg upp í sitjandann sem leiddi upp í hrygginn og fann hann til skerandi sársauka í baki.

Slasaði var færður aftast í bátinn og hlúð að honum á meðan siglt var til lands og hann fluttur á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipverja er í upphafi ferðar farið yfir öryggisatriði báts og farþegum kynntar öryggisreglur sem þeir þurfa að fylgja í ferðinni. Einnig væri farþegum sagt að þeir gætu átt von á höggum þegar báturinn sigldi á milli alda. Þeim væri því ráðlagt að standa í fæturnar og fjaðra í hnám til að taka við höggunum. Þeir sögðust árétta þetta meðan á ferðinni stæði;
- að slasaði sagði að farþegar hefðu fengið leiðbeiningar um björgunarbúnað og þess háttar atriði en hann kannaðist ekki við ráðleggingar varðandi högg aðrar en þær að standa í fæturnar þegar báturinn færi yfir öldur;

- að skipstjóri sagði að oft væri stoppað eða hægt á ferðinni og þá gætu farþegar sest niður og hvílt fæturnar. Misjafnt sé hve langt er siglt í einu og taldi hann það vera lengst í um þrjár mínútur. Það hafi ekki verið siglt hraðar en á 15 hnútum í þessari ferð;
- að engar upplýsingar úr AIS kerfi Vaktstöðvar siglinga voru fyrirleggjandi um siglingu bátsins í þessari ferð þar sem nefndinni barst seint vitneskja um slysið;
- að slasaði var 194 sm á hæð og 110 kg. Hann taldi sig hafa verið í mjög góðu líkamlegu formi enda stundi hann reglulega líkamsæfingar og hjóli mikið. Hann sagðist hafa staðið í fæturnar, þegar báturinn fór í þessa öldu, með hnén nokkuð bogin en hafði ekki afl til að taka við högginu og skall skart niður í sætið. Hann sagðist hafa verið farinn að þreytast mjög mikið við að taka við þessum endalausum höggum og reyndi að hvíla fæturnar á milli þess að högginn komu. Hann sagði sársaukann hafa verið svo mikinn að hann hafi verið nálægt því að missa meðvitund;
- að Stóri Örn hafði leyfi til farþegaflutninga með útgefnu farþegaleyfi sem gildi frá 28. maí til 30. september 2013. Það heimilaði flutning að hámarki 12 farþega. Í því kom fram að farsvið bátsins miðast við hafsvæði D (reglugerð nr. 666/2001) og afmarkað við Vestmannaeyjar með hámarks siglingatíma tveimur klukkustundum. Veðurskilyrði skulu vera „að hámarki 6 vindstig (Baufort) (13,8 m/sek) og kennialda < 2 m“;
- þess ber að gæta að þó kennialda af SV og VSV hafi verið metin 2,9 m á Bakkafjörudufllum má gera ráð fyrir að aldan hafi verið mun lægri í skjólinu undir Ystakletti, Heimakletti og Eiðinu og því má ætla að uppfyllt hafi verið skilyrði í farþegaleyfi bátsins.

Nefndarálit:

Nefndin telur að orsök slyssins megi rekja til þess að keyrt hafi verið á of mikilli ferð með tilliti til öryggis farþeganna.

Nefndin bendir á hliðstæð mál nr. 104/11 og 154/11.